



Reykjavík, 7. mars 2018

48. Lögjafafloppur 2017 – 2018
Þingskjal 241 — 167. mál.

Frumvarp til laga **um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.**

Umsögn Landssambands veiðifélaga.

Landssamband veiðifélaga lýsir sig alfarið mótfallið því að 2% gjald veiðiréttareigenda í Fiskræktarsjóð verði breytt með frumvarpi þessu til laga úr gjaldi í sérstakan skatt sem rennur í ríkissjóð.

Almennt um Fiskræktarsjóð

Ákvæði um styrkveitingar til fiskiræktar koma fram í fyrstu heildstæðu lögnum um lax- og silungsveiði árið 1932. Við heildarendurskoðun laganna 1970 var Fiskræktarsjóður stofnsettur í því horfi sem hann hefur að mestu verið starfræktur síðan. Var sjóðurinn stofnaður með stuðningi veiðiréttarhafa. Allar götur síðan hefur verið lögboðið að veiðiréttareigendur greiddu gjald til sjóðsins sem stjórn hans innheimti allt þar til að lögum um sjóðinn var breytt með lögum 71/2008. Þá verður sú breyting á að Fiskistofu er falið að innheimta það gjald sem veiðiréttareigendur skyldu greiða af hlunnindum til sjóðsins. Upphaflegur tilgangur sjóðsins var að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi. Annars vegar að styrkja byggingu fiskvega og hins vegar uppbyggingu fiskeldisstöðva m.a. til seiðældis.

Við lagabreytinguna 2008 var hlutverki sjóðsins nokkuð breytt með almennari og víðtækari umgjörð um þau verkefni sem styrkja mátti. Þetta hefur m.a. leitt til þess að Fiskræktarsjóður hefur í vaxandi mæli styrkt verkefni á sviði grunnrannsókna sem lögbundið er að rannsóknarstofnanir hafi með höndum. Ljóst er að verkefnum á sviði fiskvegagerðar fer fækkandi og því hefur þótt ástæða til að endurmeta þörf fyrir sérstakan sjóð sem styrkir fiskrækt til lengri tíma litið.

Starfshópur um endurskoðun laga um Fiskræktarsjóð

Hinn 6. september 2017 skilaði starfshópur, sem ráðherra skipaði, tillögum sínum. Meginniðurstaða starfshópsins er að ekki sé ástæða til áframhaldandi innheimtu árgjalda af veiðifélögum. Ekki sé sama þörf á gerð fiskvega líkt og áður var og sjóðurinn hafi í vxandi mæli úthlutað styrkjum til grunnrannsókna sem hið opinbera eigi að styðja lögum samkvæmt. Þá sé eiginfjárstaða sjóðsins það sterk að fjármunir séu fyrir hendi til að úthluta styrkjum með líkum hætti og verið hefur í 30- 40 ár til viðbótar að teknu tilliti til ávöxtunar og upphæða styrkja. Því leggur starfshópurinn til breytinga á lögum um sjóðinn og jafnframt að niður falli greiðsla árgjalda í hann.

Það er því með öllu ótímabært að lögfesta breytingu á mörkuðum tekjum Fiskræktarsjóðs líkt og fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir. Þá mótmælir Landssambandið því að gjald í Fiskræktarsjóð verði skilgreint í lögum sem skattur sem innheimtur er í ríkissjóð.

Ákvæði um skattlagningu veiðitekna er þegar að finna í gildandi lögum um tekju- og eignaskatt og því yrði um nokkursskonar tvísköttun að ræða, verði frumvarpið lögfest.

Landssambandið leggur því til að II kafli frumvarpsins verði felldur brott og þar með verði ekki hróflað við lögunum um Fiskræktarsjóð fyrr en ákvörðun ráðherra um framtíð sjóðsins liggur fyrir í framhaldi af tillögum starfshóps ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,
fh. Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,
formaður,

S: 893 3778